

Dalabyggð
Hlynur T. Torfason
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 4. apríl 2023
UST202303-266/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn– Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga Dalabyggð – Ósk eftir frekari gögnum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð.

Í greinargerð kemur fram að á Ljárskógum er áætlað að fara í skógræktarverkefni til kolefnisbindingar og vottaðra kolefniseininga sumarið 2023 og er óskað eftir að á 197,7 hektara verkefnasvæði verði veitt framkvæmdaleyfi vegna þessa verkefnis. Markmið skógræktarinnar er fjölnytjaskógrækt með áherslu á kolefnisbindingu. Því verður plöntuvali háttað þannig að sem mest kolefnisbinding náist úr skóginum. Notaðar verða alaskaösp, birki, lerki, sitkagreni og stafafura.

Umhverfisstofnun telur nokkuð sérstakt að óskað er eftir framkvæmdaleyfi áður en ræktunaráætlun liggja fyrir, reitir og slóðar hafa verið afmarkaðir, áður en það sé útskýrt nánar hvernig framkvæmdum verði háttað á svæðinu og fjallað er um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á votlendi, fuglalíf, ásýnd og vistgerðir.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu og framkvæmdaraðila á leiðbeiningariti sem unnið var af Skógræktinni og Skipulagsstofnun sem nefnist *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga IV. útgáfa 2023*¹ og stefnuna *Land og líf*²

Ræktunaráætlun

Í greinargerð segir að ræktunaráætlun verði í höndum Valdimars Reynissonar, skógræktarráðgjafa hjá Skógræktinni, og er hann búinn að skila grunnmati um svæðið um landgerð og tegundaval. Fullgerð ræktunaráætlun mun innihalda gróðurkortlagningu á svæðinu, framkvæmda- og umhirðuáætlun, gróðurkort, tegundakort, jarðvinnslukort og eldvarnaáætlun. Farið verður í að fullgera ræktunaráætlun eftir að framkvæmdaleyfi hefur verið veitt. Hluti svæðisins er votlendi og þeim svæðum er haldið til haga og ekki plantað í þau.

¹ <https://www.skogur.is/static/files/2023/skograekt-i-skipulagsaaetlunum-sveitarfelaga-opnur.pdf>

² <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>

Að mati Umhverfisstofnunar eru þau gögn sem lögð eru til ekki næg svo að stofnunin geti veitt umsögn varðandi framkvæmdina. Því óskar stofnunin eftir frekari gögnum varðandi framkvæmdina.

Til þess að stofnunin geti veitt umsögn varðandi framkvæmdina er mikilvægt að unnið sé ítarlegri ræktunaráætlun fyrir svæðið þar sem reitir eru afmarkaðir nánar og slóðar/vegir og stígar afmarkaðir.

Einnig þarf að fjalla um áhrif skógræktarinnar á fuglalíf, votlendi og gróður sem fyrir er á svæðinu. Innan svæðisins eru vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Auk þess eru innan svæðisins vistgerðir sem fuglategundir sem Ísland ber ábyrgð á geta nýtt til varps. Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands. Einnig þarf að fjalla um jaðaráhrif skógræktarinnar á fuglalíf.

Það þarf að fjalla nánar um ásýnd framkvæmdarinnar og að hún sé í samræmi við 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Ekki kemur fram hver áhrif framkvæmdarinnar eru á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga en Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan framkvæmdasvæðisins stór votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og votlendisvistgerðir með hátt verndargildi sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir náttúruyfyrirbæri sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga önnur en birkiskóga en Skógræktin heldur skrá yfir þá.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum er m.a. markmiðið að vernda og endurheimta votlendi.

Loflagsmál

Í greinargerð kemur fram að aðgerðaáætlun ríkisins í loftlagsmálum leggur áherslu á aukningu skógræktar og landgræðslu í sínum markmiðum því með ræktun skóga má binda verulegt magn af CO₂ í viði og jarðvegi og styður það einnig beint við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) númer 13, þ.e. aðgerðir í loftlagsmálum. Því er æskilegt að mati stofnunarinnar að koma fram hversu mikið skógurinn mun binda og hver losunaráhrifin verða varðandi framkvæmdir og rask á jarðvegi við skógræktina.

Mat á umhverfisáhrifum

Auk þess bendir stofnunin á að skógræktarsvæðið fellur mögulega undir lið 1.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem segir að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis (hér 197,7) og skógræktarsvæði, óháð stærð, sem fyrirhuguð eru á verndarsvæðum falli undir B-flokk framkvæmda en í B-flokki eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir á að verndarsvæðin sem skógræktin sem hér er til umfjöllunar nær til fellur líklegast undir a. og e. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort verkefnin falli undir ofangreindan lið.

Niðurstaða

Að mati stofnunarinnar eru áformin nokkuð ljós, en hins vegar er útfærsla framkvæmdarinnar óljós og það vantar nokkuð upp á til að stofnunin geti veitt umsögn um framkvæmdina.

Því óskar stofnunin eftir frekari gögnum svo að stofnunin geti veitt umsögn varðandi verkefnið. Hér er um að ræða skógræktaráform á stóru svæði (197,7 ha) og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að unnið sé nánar að skipulagi fyrir svæðið og umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun